

**REGLUGERÐ  
um breytingu á reglugerð nr. 39/2009 um Kolvettisrannsóknasjóð,  
með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „tveimur fulltrúum leyfishafa“ í 2. málsl. 1. gr. reglugerðarinnar, kemur: einum fulltrúa hvers rannsóknar- og vinnsluleyfis fyrir sig.

2. gr.

Í stað orðanna „Orkusjóður undir umsjón Orkustofnunar“ í 3. málsl. 1. gr. reglugerðarinnar, kemur: Orkustofnun.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 8. mgr. 10. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvettis, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. apríl 2014.*

**Ragnheiður Elín Árnadóttir  
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.**

---

*Ingvi Már Pálsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 6. maí 2014